

1209. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. október 2020, kl. 17:30 í fjarfundi (Zoom)

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Helga Ingólfisdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Oddur Gunnar Jónsson forstöðumaður

Áður en fundur hófst samkvæmt auglýstri dagskrá óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fyrir þeirri dagskrárbreytingu að bætt yrði við nýjum dagskrárlið sem yrði nr. 9 og fjallar um tillögu frá Framtíðarnefnd VR um stefnu VR vegna stjórnarsetu starfsmanna. Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1207. og 1208 stjórnarfunda VR var lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1207. og 1208. stjórnarfunda til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og verða síðar undirritaðar með rafrænum hætti sem Stefán sagði vera nýjung sem nú verður nýtt vegna þess ástands sem nú ríkir. Munu fundarmenn fá senda tölvupósta gegnum kerfi Signet þar sem verður slóð á skjöl til undirritunar með staðfestingu rafrænna auðkenna. Jafngildir það venjulegri undirskrift. Árni heldur utanum þá aðgerð.

Samþykkt að fara þessa leið við undirritun.

2. Samþykkt á milli funda. Verkfallskosning hjá Rio Tinto.

Ragnar Þór lét færa til bókar samþykkt stjórnar fyrir því að lýst væri yfir árangursleysi í viðræðum við ÍSAL og að boðað yrði til sameiginlegra verkfallsaðgerða meðal stéttarfélaganna á svæðinu. Var þetta með tölvupósti dags. 30. september 2020.

Meirihluti stjórnarmanna svaraði því með samþykki í tölvupósti.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að tillagan um verkfallsaðgerðir hjá Rio Tinto hafi verið felld á



jöfnum atkvæðum í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VR, 5 sögðu já, 4 nei og 1 sat hjá. Þó hafi verið samþykkt að fara í þessar aðgerðir hjá öðrum félögum hjá fyrirtækinu og eiga aðgerðir að hefjast á föstudag en nú hefur það gerst að atvinnurekendur hafa beðið um frest til þess að skoða hina nýgerðu samninga hjá Norðurál en sá samningur er til 5 ára.

Virðist honum þetta vera fyrirláttur því samningur lá þegar fyrir sem báðir aðilar voru sáttir við nema móðurfélagið í USA. Ekki er því víst að frestur verði veittur.

Unnið hefur verið með að setja upp greiðsluskjól fyrir heimilin og verður það kynnt betur hér á eftir og svo hjá ASÍ á föstudag.

Umræður.

4. Þing ASÍ

Ragnar Þór sagði að þing ASÍ verði næsta miðvikudag í fjarfundi. Dagskrá verður stutt en þó verði lögð fyrir áðurnefnd lagabreytingartillaga um fjölgun varaforseta en öðrum tillögum verður frestað fram á vorfundinn ásamt öðru umfjöllunarefni sem bíður. Við hjá VR munum setja upp sérstakan spjallhóp fyrir okkar þingfulltrúa svo hægt sé að eiga einkasamtal við hópinn ef koma mótframboð í kosningum og við þurfum að verja okkar fólk eða bandamenn. Þurfum að tryggja okkar ítök sem best. Mun hann fljótlega senda á stjórn nýja röð á okkar tilnefningum í miðstjórn ASÍ, bæði aðal- og varamenn, en það er LÍV sem skilar því inn.

Umræður.

5. Ráðstöfun á lóð VR hjá Reykjavíkurborg

Bjarni Þór, formaður húsnæðisnefndar VR, lagði fram skjalið „Bygging VR á íbúðum fyrir félagsmenn“ og fór yfir efni þess á slæðum. Kom m.a. fram í máli Bjarna Þórs að við hefðum fengið vilyrði fyrir lóð hjá Reykjavíkurborg í Úlfarsárdal fyrir tveimur fjölbýlishúsum með 36 íbúðum alls um 3.225 fermetrar. Nú sé komin fram sú hugmynd að fá að nýta lóðina til að byggja íbúðir í hlutdeildarlánakerfinu þar sem VR selur íbúðirnar félagsmönnum sem fjármagna kaupin gegnum hlutdeildarlánakerfið.

Það fari vel á því að fara í svona verkefni nú þegar byggingariðnaðurinn er í lægð og gæti einnig komið góð ávöxtun á það fé sem VR leggur til verkefnisins. Hugmyndin er sú að Bjarg íbúðafélag sjái um alla framkvæmd en VR um fjármögnun og sölu á íbúðum.

Heildarkostnaður er áætlaður 1,5 milljarður króna og yrði stofnað um þetta félag sem væri fjármagnað um 450 – 600 m. kr. með eigið fé og 900 – 1,050 m. kr. með lánsfé. Íbúðir yrðu seldar á kostnaðarverði þar sem búið væri að taka tillit til ávöxtunarkröfu á eigið fé sem VR leggur til en lagt er til að það komi úr Vinnudeilusjóði VR.



Kom fram að Reykjavíkurborg hafi tekið jákvætt í að breyta skilmálum vegna lóðarinnar svo fara megi í þetta verkefni.

Ragnar Þór sagði að við vildum samt koma Blæ af stað og reynum við að fá lífeyrissjóðina inn í það með fjármagn en það er að taka meiri tíma en reiknað var með.

Stefán sagði að við settum ávöxtunarkröfu á eigið fé sem væri eðlileg og alls ekki væri verið að gefa neitt fé heldur væri allt á markaðslegum forsendum gert.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis að fara í þetta mál eins og lýst hefur verið og yrði það svo einnig tekið upp til staðfestingar í trúnaðarráði, væntanlega í næstu viku.

Samþykkt samhljóða.

6. Greiðsluskjól einstaklinga

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Covid Stuðningslán fyrir heimilin“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli hans kom m.a. fram að hann hefði lagt til við Drífu að farið yrði í þetta verkefni sem væri stuðningur við fólk sem komið er í greiðsluvanda vegna áhrifa Covid. Hugmyndin sé að vera með sérstök stuðningslán fyrir heimilin.

Margar leiðir voru skoðaðar við þessa vinnu en margir eru nú að lenda á strípuðum atvinnuleysisbótum. Úrræðið sem lagt er til getur náð yfir allar skuldbindingar fólks og er þetta úrræði parað saman við úrræðin sem fyrirtækin fengu en þetta yrði unnið gegnum fjármálakerfið fremur en stjórnvöld.

Lagt er til að stuðningslán til heimilanna verði með 100% ríkisábyrgð og fjármögnuð af Seðlabanka Íslands. Fjármálastofnanir afgreiða stuðningslánin til einstaklinga sem fyrst og fremst taka mið af stöðu hvers og eins. Einstaklingar geti óskað eftir greiðslumati frá sínum viðskiptabanka sem sýni greiðslugetu viðkomandi bæði fyrir og eftir tekjusamdrátt. Þannig mun heimilið geta dregið á ríkistryggða lánalínu mánaðarlega sem nemur lækkun á greiðslugetu samkvæmt greiðslumati. Bankinn setur upp lánalínu, án afborgana, í samvinnu við lántaka, uns atvinnuþátttaka lántaka hefst á ný eða í allt að 18 mánuði frá fyrsta ádragi, að hámarki 4.500.000 kr.

Varðandi endurgreiðslu er hugmyndin sú að allt samfélagið beri byrðarnar á efnahagslegum afleiðingum veirunnar, en ekki aðeins þeir sem eru svo óheppnir að starfa

innan þeirra atvinnugreina sem hafa orðið illa úti. Þau heimili sem þurfa að nýta sér stuðningslánin fá 10-50% afslátt af heildartekjuskattsgreiðslum, þrepaskipt niður á við eftir hækkandi tekjum, á þeim tíma sem stuðningslánin eru greidd til baka, að hámarki svo sem 550.000 kr. á ári.

Við viljum ekki sömu hamfarirnar og urðu í síðasta hruni og viljum tryggja að fólkið verði ekki skilið eftir og með þessu tryggjum við neysludrifinn hagvöxt og að ekki verði farið í sársaukafullar innheimtuaðgerðir líkt og síðast.

Umræður.

Ragnar Þór bar nú upp til samþykktar að þessari vinnu verði haldið áfram á þessum nótum.

Samþykkt samhljóða.

7. Tryggingafræðileg úttekt á Sjúkrasjóði VR

Stefán lagði fram skjalið „*Tryggingafræðileg úttekt á Sjúkrasjóði VR*“ sem er samantekt og skýrsla Bjarna Guðmundssonar cand. act. á stöðu sjóðsins. Þess konar úttekt er gerð á tveggja ára fresti.

Ljóst er að staða sjóðsins hefur verið erfið og aukning verið á dagpeningagreiðslum. Fjárhagsstaða sjóðsins er traust og rekstrarkostnaður hefur lækkað ásamt því að ávöxtun hefur hækkað. Engu að síður hefur nú veikindatíðni hækkað verulega frá síðustu athugun og reiknast núverandi stofn sjóðsins í járnum og ef litið er til nýs sjóðfélaga sem greiða myndi til sjóðsins alla starfsævi eru útgjöld nú orðin um 13,3% umfram væntar iðgjaldtekjur og hefur sá halli aukist verulega miðað við síðustu athugun þegar útreikningar sýndu um 3% halla. Ef reiknað er án nýliðunar er nú svo komið að vænt útgjöld reiknast hærri en eignir og iðgjöld.

Þó greiðslutími dagpeninga hafi verið stytur frá og með 1.apríl 2019 sýna útreikningar að verðmæti bóta muni verða hærri en verðmæti iðgjalda. Virðist því sem ekki sé svigrúm til að leggja framlög af iðgjöldum í VR varasjóð.

Stefán sagði að þegar hefðu verið skoðaðar nokkrar leiðir til að mæta þessum hækkunum útgreiðsla en það sé verkefni framkvæmdastjórnar sjóðsins að koma með tillögur eins og síðast.

Umræður.



8. Bréf frá ASÍ vegna breytinga á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Stefán lagði fram skjalið „Breyting á reglugerð sjúkrasjóðs 2020, umsögn ASÍ“ og fór yfir efni þess.

Á framhaldsaðalfundi VR höfðu verið samþykktar tvær breytingar á 10. og 12. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR sem fóru til staðfestingar ASÍ en þær voru viðbragð við lagabreytingu og sneru að því að ekki væru greiddir slysdagpeningar eða slysabætur vegna tjóna af völdum vélknúinna ökutækja sem ekki eru vátryggingarskyld. Kom fram að ASÍ fallist ekki á breytingu hvað varðar sjúkradagpeninga þar sem það þrengi bótarétt félagsmanna umfram það sem heimilað er í ákvæðum laga ASÍ um lágmarksbótarétt sjúkrasjóða aðildarfélagana.

Hins vegar sé ekki gerð athugasemd við breytingu er snúi að slysabótum því það séu aukaréttindi sem séu utan skilgreininga laga ASÍ.

Stefán sagði að þetta hafi verið viðbúið en í raun hafi breytingartillagan er snýr að slysabótum verið það sem málið snerist um og ekki stórmál þótt ekki verði samþykkt breytingin varðandi dagpeningana.

Umræður.

9. Tillaga frá Framtíðarnefnd VR um stefnu VR vegna stjórnarsetu starfsmanna

Friðrik Boði, formaður Framtíðarnefndar VR, lagði fram skjalið „Tillögur VR vegna stjórnarsetu starfsmanna í fyrirtækjum“ og fór yfir efni þess. Fór hann fyrst lauslega yfir það hvernig málum þessum er háttað á Norðurlöndunum en blæbrigðamunur er á útfærslum milli landa. Í nefndinni var unnið að útfærslu sem myndi henta Íslandi og lagðar eru fram sex tillögur VR sem eru eftirfarandi:

Tillögur fyrir VR

1. Lágmarkspröskuldur

a. 35 starfsmenn

2. Réttur eða skylda

a. Í Noregi og Svíþjóð er þetta réttur fyrir minni fyrirtæki en skylda fyrir stærri. Þar er t.d. miðað við 200 starfsmenn og þá er það skylda (engin viðurlög).

b. Ef þetta verður réttur, ætti að nægja að stéttarfélag sem hefur starfsmenn hjá fyrirtækinu geri kröfu um fulltrúa í stjórn. Starfsmenn geti líka gert kröfu um fulltrúa.

3. Hve margir fulltrúar

a. Priðjungur af heildarfjölda, eða helmingur af fulltrúum eigenda. Þannig er það víðast. Getur verið erfitt að bæta við fulltrúum síðar ef við byrjum með færri.

4. Hvernig eru fulltrúar valdir

a. Auglýst eftir framboðum innan fyrirtækisins. Finnst sjálfsagt að stéttarfélög komi að valinu, t.d. með því að taka þátt í að auglýsa eftir frambjóðendum.

b. Ef stéttarfélag er með mikinn meirihluta starfsmanna, er ekki óeðlilegt að það „eigi“ tiltekinn fjölda stjórnarsæta.

c. Kosið er milli frambjóðenda og er kosning meðal allra starfsmanna fyrirtækisins (á vegum stéttarfélaganna?) Ef stéttarfélag á sæti í stjórn, er spurning hvernig eigi að velja í það sæti? Tilnefning frá félaginu, trúnaðarmaðurinn?

5. Hver getur boðið sig fram

a. Eingöngu starfsmenn fyrirtækisins. Kannski að viðkomandi hafi ákveðna starfsreynslu hjá fyrirtækinu, nokkurra ára starfsaldur?

6. Réttindi og skyldur

a. Eins og á Norðurlöndum; sömu réttindi og skyldur og aðrir nema þegar kemur að umfjöllun um vinnustöðvanir oþ.h.. Ekki hafa bara áheyrn, erfitt að breyta eftirá.

Á vorþingi ASÍ verður fjallað um málefnið og eiga þessar tillögur gott erindi þangað. Þá hefur það komið fram að unnið er að þingsályktunartillögu um málið á Alþingi sem er mjög ánægjulegt.

Loks óskaði Friðrik Boði eftir því að það yrði bókað að starfsmaður nefndarinnar, Steinunn Böðvarsdóttir, hafi unnið frábæra vinnu við verkefnið og að komið verði til hennar sérstöku þakklæti.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar hinar sex tillögur fyrir VR sem nú voru kynntar.

Samþykkt samhljóða.

Nýtt bókhaldskerfi fyrir VR

Jónas vék nú af fundi vegna vanhæfni.

Ragnar Þór óskar eftir samþykki fundarmanna fyrir því að framlengja fundi til kl. 20:45.
Samþykkt.

Gestur fundarins, Oddur Gunnar Jónsson, forstöðumaður, mætir hér til fundar kl. 20:30 og leggur fram skjalið *“Minnisblað til stjórnar”* – Endurnýjun á bókhaldskerfi, dags. 7. október 2020. Í máli hans kom fram að núverandi Ax bókhaldskerfi hafi verið notað frá árinu 2009 og er það keyrt á SQL gagnagrunni sem er að hætta að styðja við kerfið og þyrfti að fá nýtt Ax kerfi sem væri mjög dýrt og í raun of stórt fyrir okkar þarfir. Við séum því eiginlega neydd til þess að fara í nýtt bókhaldskerfi. Haldnar voru kynningar frá þjónustuaðilum og stillt upp matskerfi þar sem tekið var tillit til margra þátta og hverjum aðila gefnar einkunnir. Niðurstaða einkunna í matskerfinu var eftirfarandi:

1. Wise 7,68
2. DK 7,40
3. Advania 7,15

Því sé lagt til að tekið verði tilboði Wise í innleiðingu BC kerfis, með áskrift að uppfærslu- og



Þjónustusamningi. Áætlaður innleiðingarkostnaður eru 8 m. kr. og rekstrarkostnaður á mánuði er um 380þ. kr. en einnig má búast við aukinni vinnu starfsfólks og þjálfunarkostnaðar á árinu 2021.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis þessa tillögu skrifstofu um að taka tilboði Wise í bókhaldskerfi fyrir VR.

Samþykkt samhljóða.

Fundi er slitið kl. 20:45

Árni Leósson, fundarritari

